

11. gr.

Á undan 16. gr. laganna kemur ný grein er verður 17. gr. laganna og orðast svo ásamt fyrisögn:

Málskot.

Stjórnsýsluákvörðunum Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum má skjóta til ráðuneytisins. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

12. gr.

Í stað orðanna „vöruflutningum og efnisflutningum“ í 2. mgr. 16. gr. laganna, er verður 18. gr., kemur: og farmflutningum.

13. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um fólksflutninga og farmflutninga á landi.**

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2005.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfishafar sem hafa gild leyfi til vöruflutninga og efnisflutninga í atvinnuskyni við gildistöku laga þessara skulu skila inn leyfum og sækja að nýju um leyfi til Vegagerðarinnar innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.

Öll leyfi til vöruflutninga og efnisflutninga í atvinnuskyni sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara falla úr gildi sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Sturla Böðvarsson.

LÖG**um gæðamat á æðardúni.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar
forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Lög þessi gilda um íslenskan æðardún og gæðamat á honum.

2. gr.

Allur æðardúnn, hvort sem er til dreifingar á innanlandsmarkaði eða til útflutnings, skal metinn og veginn af lögskipuðum dúnmatsmönnum eftir fullhreinsun. Áður en að dreifingu

á innanlandsmarkaði eða til útflutnings kemur skal liggja fyrir að æðardúnn standist gæðamat dúnmatsmanna með vottorði þeirra þar að lútandi.

3. gr.

Landbúnaðarráðuneytið gefur út leyfi til handa dúnmatsmönnum til starfa á þeim stöðum sem það telur þörf á að fengnum tillögum Bændasamtaka Íslands og Félags íslenskra stórkaupmanna. Dúnmatsmenn skulu undirrita eiðstaf áður en þeir taka til starfa. Kostnaður af störfum þeirra greiðist af matsbeiðanda í samræmi við gjaldskrá sem ráðuneytið staðfestir.

Nánar er kveðið á um framkvæmd laganna, starfsskyldur og hæfniskröfur dúnmatsmanna í reglugerð.

4. gr.

Brot á lögum þessum verða sektum og sæta meðferð opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað. Á sama tíma falla úr gildi lög nr. 39/1970, um gæðamat á æðardún, og frá og með 1. júlí 2005 er lögð niður skipun þeirra aðila sem starfa við dúnmat samkvæmt þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 2005.

Valgerður Sverrisdóttir.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Guðni Ágústsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:

Sjúkratryggingar taka eingöngu þátt í greiðslum skv. 1. mgr. vegna tannlæknaþjónustu aldraðra, öryrkja, barna og unglunga yngri en 18 ára og skal ráðherra setja reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga.

b. 4. mgr. fellur brott.